

Sagt er að sannleikurinn sé ekki í bókum, ekki einu sinni í göðum bókum. Samt hafa þessar Erro-bækur mikið gildi fyrir okkur, því í þeim fáum við nasasjón af myndum, sem annars bæri sjaldan eða aldrei fyrir augu okkar en það eru einmitt oft vandkvæðin við myndlistina að mjög góðar myndir hverfa sporlaust inn í einkasöfn og sjást ekki meir.

Þetta hefur lengi verið ljóst og því er kappkostað að fá myndir í opinber söfn og stofnanir — og hamast er við að gefa út málverkabækur. Síðasti kosturinn er þó lakastur. Samt er hann betri en enginn og einkum ef það er tekið með í reikninginn að verk hinna ýmsu málara henta misjafnlega til bókaútgáfu.

Verk Erros eru á hinn bóginn kjörin í útgáfu á bókum. Myndir hans krefjast umhugsunar. Inntak þeirra er oftast auðskilið en

oft hafa þær annað inntak og dýpra og þær eru mjög bundnar heitinu. Ef þú veist ekki nafnið á myndinni er allt eins vist að þú misskiljir þetta allt, hvað verið sé að fara.

Sýning Erros á Kjarvalstöðum var merkileg reynsla fyrir þá sem fást við myndlist og við hljótum að viðurkenna að myndun málverkanna hefur tekið sérlega vel, þær skila sér mjög vel í bókinni en prentun myndanna fór fram hjá Grafica Gutenberg Bregamo á Ítalíu en Guðmundur Benediktsson sá um setningu á rituðum texta.

Rita um Erro


Sem betur fer er textinn í þessum bókum stuttur. Bragi Asgeirsson og Matthías Johannessen rita um málarað kynni sín af honum og fara með frjálst spil. Þarna koma á einfaldan hátt fram ýms æviatriði Erros skoðanir hans og atferli.

Fram kemur í niðurlagi greinar Matthíasar Johannessen að Frakkar hafi fyrir löngu ætteleitt Erro. Hann sé einn álitinn franskur, hafi t.d. verið fulltrúi Frakklands á Brussels. Eruopalia Exhibition 1975. Þetta er ekki nýtt í myndlistinni. Margir álíta að Picasso hafi verið franskur af því að hann vann ævistarf sitt að miklu leyti í Frakklandi en Picasso var samt Spánverji og vel metinn af þjóð sinni.

Nær væri að segja að Erro hefði þó aðalstöðvar í París, því hann eyðir tímanum í ferðalög og dvelst langdvölum á Spáni og í Bangkok. Allur heimurinn er svo lagður undir málverkið bæði í efnisvali og sýningahaldi og nú er hann líka orðinn tengdasonur Morgunblaðsins eins og Askenasy.

Framtak Iceland Review er lofsvert. Bæði að stuðla að íslenzku útgáfunni hjá almenna og eins að gefa bókina út á ensku sem gefur henni auknið gildi. Það var satt að segja ekki vansalaust hversu tómlátir við hér heima vorum um snillinginn Erró. Nú er úr þessu bætt í bili og erlendir menn geta fengið bók frá Íslendingum um Erro en hana hefur vantað fram til þessa.

Jónas Guðmundsson



Sigurvegarnir við bíl sinn. Tímamynd Trygvi.

Húsavíkurral:

Ítalskur bíll í efsta sæti

GEK — „Ég tel að þetta hafi verið erfiðasta rall-keppnin, sem haldin hefur verið á Íslandi til þessa”, sagði Sigurjón Harðarson, ökuamaður bifreiðarinnar sem vann Húsavíkur-rallið svokallaða en það var haldið um síðustu helgi. Sigurjón, sem ók bíl af gerðinni Alfa Róméo Alfásud-1300, sagði jafnframt að einkum hefðu sérleiðirnar verið erfiðar og taldi hann þær mun erfiðari en þær sérleiðir, sem farnar hafa verið í rall-keppnum hér fyrir sunnan. Sagði hann að stjórn keppinnar hefði verið mjög til fyrirmyndar og til dæmis nefndi hann að tímataka hefði verið betri en í fyrri keppnum.

Það voru alls 13 bifreiðar, sem hófu keppni í Húsavíkur-rallinu en fjórar þeirra helltust úr lestinni og náðu ekki að ljúka keppni.

Sem fyrr segir varð Sigurjón Harðarson hlutskarpastur, en aðstoðarökumabur hans var Sigurður Jörundsson. Næst í röðinni komu síðan Arni Bjarnason og Dröfn Björnsdóttir, en þau óku bifreið af gerðinni Lada 1200. Í þriðja sæti höfnuðu Garðar Eyland og Gunnar Gunnarsson á Saab 96.

Að sögn fróðra manna tókast það nokkuð megal þátttakenda í rall-keppnum hérlandis sem erlendis, að ökuþórar breyta bílum sínum í ríkam mæli í því skyni að auka kraft þeirra og hæfni.

Aðspurður sagði Sigurjón að tiltölulega litlar breytingar hefðu verið gerðar á bíl hans fyrir keppnina. Komist var fyrir hlífðarpönnu undir vél bílsins til að verja hana hnjaski og veltigrind innan í hann til að tryggja öryggi öku-manna. Þá var bætt í bílinn nokkrum aukahlutum svo sem talstöð, klukkum, nýjum öryggisbeltum og þess háttar, en engar breytingar voru gerðar á vélinni.

Framundan er lengsta rall, sem haldið hefur verið á Íslandi — verður það í lok ágúst-mánaðar næstkomandi. Þá verður ekið um Suður- og Suðvesturland alls á milli 1500- og 2000 km leið. Sagðist Sigurjón staðráðinn í að taka þátt í því að reyna þar að verja sigurn, sem vannst í Húsavíkur-rallinu um síðustu helgi.

Contour veggdúkur



Contour er ódýr og smekklegr lausn, þegar kemur að lagfæringu á eldhúsi eða baðherbergi og svo er hann auðveldur í uppsetningu.

Contour dúkurinn gerir umhverfið aðlaðandi og hlýlegt.



Samband Ísl. samvinnufélaga
Innflutningsdeild
Holtagörðum Rvík Sími 81266